

# Samstarfs- og þjónustusamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Skógræktarfélags Selfoss

## A. Tilgangur, markmið og áherslur

Með samningi þessum viðurkennir Sveitarfélagið Árborg mikilvægi starfs Skógræktarfélags Selfoss og leggur sitt af mörkum til að búa sem best að starfsemi félagsins og efla samstarf milli sveitarfélagsins og Skógræktarfélagsins.

Samningsaðilar eru sammála um að vinna saman að eftirtöldum meginmarkmiðum:

- að eflingu félagsauðs í samféluginu
- að eflingu skógræktarstarfs í sveitarféluginu
- að ræktun og viðhaldi Hellisskógs í landi sveitarfélagsins til afnota fyrir íbúa og gesti
- að byggja markvisst upp öflugt og fjölbreytt útvistasvæði fyrir þá sem njóta vilja útvistar í grónu og fögru umhverfi.

## B. Verkefni

### 1. gr.

Sveitarfélagið Árborg á Hellisskógi, svæði á ytri bakka Ölfusá, umhverfis Hellisholt og Grímskletta. Hann afmarkast að suðaustan af Ölfusá, að vestan af girðingu umhverfis landspildu þá er frú Vigdís Finnbogadóttir, þáverandi forseti, fékk til afnota og hefur síðar verið sold einkaaðilum og af girðingu fyrir vestan klettana að Kristjánstúni, austur fyrir það að horni Guðbjargarspildu og u.p.b. úr norðvesturhorni hennar beina línu til norðaustur og þaðan til norðurs eins og sýnt er á meðfylgjandi upprætti, framhjá Einholti og Gámasvæði að Biskupstungnabraut og fylgir þjóðvegi að bæjarmörkum að austan og fylgi þeim að Ölfusá, sbr. meðfylgjandi upprátt frá Verkfræðistofu Suðurlands, nr. 93.147, dags. 13. maí 1994, sem er hluti þessa samnings. Heildarstærð svæðisins sem samningur þessi nær til er 120,3 hektarar, og er hluti af jörðinni Helli, landnúmer 161793.

### 2. gr.

Sveitarfélagið Árborg felur Skógræktarfélagi Selfoss alla umsjón og framkvæmdir í Hellisskógi. Við þær framkvæmdir skal taka tillit til hugsanlegrar brúar um Efri-Laugadælaeyju. Unnið skal að allri uppbyggingu í samræmi við samþykkt deiliskipulag svæðisins. Til að allt aðgengi um svæðið, bæði til útvistar og framkvæmda verði sem best skal leggja áherslu á uppbyggingu vega og stíga.

### 3.gr.

Hellisskógor er friðaður fyrir ágangi búfjár á sama hátt og önnur skógræktarsvæði. Svæðið skal opið öllum almenningi og öllum frjálst að dveljast þar enda sé þeim reglum hlítt sem settar verða um umgengni og umferð í samráði Skógræktarfélags Selfoss og Árborgar. Öll mannvirkjagerð í Hellisskógi svo sem byggingaframkvæmdir, vegagerð og aðveitulagnir, rafmagn og vatn, skal unnin í samvinnu aðila. Lausaganga hunda er bönnuð í Hellisskógi.

Br  
JY

**4.gr.**

Skógræktarfélag Selfoss tekur að sér að hafa umsjón með skógraekti í Hellisskógi eftir þeim reglum sem samningsaðilar setja. Sveitarfélagið annast og kostar viðhald á fjárheldri girðingu umhverfis skógræktarlandið og hreinsun svæðisins í samvinnu við skógræktarfélagið. Sveitarfélagið annast og kostar viðhald núverandi akvega í skóginum, þ.e. ofaníburð og heflun.

Stjórn Skógræktarfélagsins er heimilt að ráða starfsmenn í fullt starf eða hlutastarf með fjárstuðningi Árborgar hluta hvers árs samkvæmt samkomulagi aðila á grundvelli fjárveitinga í fjárhagsáætlun bæjarsjóðs. Skulu starfsmenn annast verkstjórn og sjá um framkvæmdir á svæðinu í samvinnu við fulltrúa framkvæmda- og veitusviðs Árborgar.

**5.gr.**

Í október ár hvert leggur stjórn Skógræktarfélags Selfoss fram til sveitarfélagsins framkvæmda og kostnaðaráætlun fyrir Hellisskógi fyrir næsta fjárhagsár. Þar skal fram koma fram sundurliðun á áætluðum framkvæmdum, skilgreining á vinnustundabörf ásamt kostnaðaráætlun. Sveitarfélagið Árborg ákveður styrk til Skógræktarfélag Selfoss í fjárhagsáætlun ár hvert. Árlegt framlag Árborgar til félagsins skal innt af hendi með tvennskonar hætti, annarsvegar með beinum greiðslum inn á bankareikning félagsins, hinsvegar með vinnuframlagi framkvæmdasviðs og vinnuskóla. Verði ekki um vinnuframlag framkvæmdasviðs og vinnuskóla að ræða greiðist öll styrkfjárhæðin inn á bankareikning félagsins. Sveitarfélagini er heimilt að leggja fram tillögur um sérstakar framkvæmdir í Hellisskógi og skal bera þær undir stjórn Skógræktarfélags Selfoss til samþykktar.

Aðrir styrkir sem Skógræktarfélagi Selfoss kunna að hlotnast ár hvert hafa ekki áhrif á fjárveitingar þær sem Sveitarfélagið Árborg veitir Skógræktarfélagini. Sama á við um aðrar tekjur Skógræktarfélags Selfoss s.s. tekjur af árgjöldum, tekjur af sölu trjáplanta eða aðrar tekjur.

Stjórn Skógræktarfélags Selfoss mun ár hvert skipuleggja launalaust starf félagsmanna í Hellisskógi ásamt því sem félagið mun reglulega standa fyrir fræðslu og kynningu á svæðinu. Einnig mun félagið taka á móti hópum sjálfboðaliða til starfa í Hellisskógi sé þess óskað.

Stjórn Skógræktarfélags Selfoss mun vinna aðgerðáætlun fyrir öll svæði Hellisskógar þar sem fram kemur þörf á gróðursetningu, grisjun, áburðargjöf, nauðsynleg jarðvinnsla, lagning göngustíga og viðhald þeirra, brúargerð, vegagerð og viðhald hennar, þörf á afspreyingu, þörf á fræðsluskiltum og merkingum og annað það sem koma þarf fram í slíkri áætlun. Þessi aðgerðaráætlun mun verða höfð að leiðarljósi við gerð framkvæmda og kostnaðaráætlunar fyrir ár hvert. Aðgerðaráætlun mun Skógræktarfélag Selfoss endurskoða reglulega eftir þörfum.

**6.gr.**

Í lok hvers starfsárs sendir stjórn Skógræktarfélags Selfoss sveitarfélagini skýrslu um unnin störf ásamt reikningsskilum fyrir því fé sem varið hefur verið til framkvæmda í Hellisskógi.

BL

GW

**7.gr.**

Sveitarfélagið Árborg og Skógræktarfélag Selfoss setja reglur um alla starfstilhögum og umgengni í Hellisskógi. Reglum þeim má breyta eftir því sem þurfa þykir á hverjum tíma án þess að breyta samningi þessum.

**8.gr.**

Samningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með fimm ára fyrirvara. Rísi ágreiningur um framkvæmd ákvæða samningsins sem ekki næst að finna lausn á sem aðilar samningsins sætta sig við innan sex mánaða frá því að ágreiningurinn er staðfestur í fundargerðarbókum bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar eða Skógræktarfélags Selfoss, með gagnkvæmri tilkynningar skyldu þar um, er aðilum heimilt að segja upp samningnum með eins árs fyrirvara. Uppsagnartími miðast við 1. nóvember ár hvert.

**9.gr.**

Sveitarfélagið Árborg lýsir því yfir með samningi þessum, að verði óhjákvæmilegt útfrá skipulagsforsendum eða af öðrum ófyrirséðum ástæðum að skerða umrætt ræktunarland, muni það greiða Skógræktarfélagi Selfoss bætur fyrir þann ræktaða trjágróður sem kann að verða innan þess lands og þau mannvirki sem Skógræktarfélag Selfoss hefur kostað innan þess lands. Vegna fyrirhugaðrar lagningar Suðurlandsvegar um Hellisland gildir þó það að Sveitarfélagið Árborg greiðir Skógræktarfélagi Selfossi ekki hærri bætur fyrir trjágróður eða mannvirki sem kunna að fara forgörðum við veglagninguna, en sem nemur þeirri fjárhæð sem sveitarfélagið kann að fá í bætur frá Vegagerðinni vegna tjóns á trjágróðri eða mannvirkjum á svæðinu af völdum veglagningarnar.

Selji Sveitarfélagið Árborg land úr Hellisskógi til einkaaðila til áframhaldandi skógræktar mun sveitarfélagið greiða bætur fyrir þá ræktun og þau mannvirki sem kunna að verða innan þess lands til Skógræktarfélags Selfoss.

Komi til einhliða uppsagnar Sveitarfélagsins Árborgar á samningi þessum, þannig að Skógræktarfélag Selfoss hafi ekki lengur umsjón með svæðinu, sbr. 2. gr. samnings þessa, greiðir Sveitarfélagið Árborg Skógræktarfélagi Selfoss bætur fyrir þann ræktaða trjágróður sem kann að verða innan þess lands og þau mannvirki sem Skógræktarfélag Selfoss hefur kostað innan þess lands.

Komi til þess að meta þurfi tjón á trjágróðri eða mannvirkum skulu til kvaddir tveir hlutlausir matsmenn sem báðir aðilar samþykkja.

## C. Almenn ákvæði

- a) **Ágreiningur** - Komi til ágreinings varðandi skilning á samningi þessum eða fylgiskjölum hans getur hvor aðili um sig skotið slíkum ágreiningi til úrskurðar gerðardóms sem þannig sé skipaður: Hvor aðili um sig tilnefnir einn mann í dóminn, en sýslumaðurinn á Selfossi tilnefnir oddamann. Komi til málshöfðunar út af samningi þessum, er hvorum aðila um sig heimilt að sækja málið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.



**b) Endurskoðun** - Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun samningsins fyrir lok gildistíma hans með að minnsta kosti þriggja mánaða fyrirvara. Vinna við endurskoðun skal hafin a.m.k. þremur mánuðum áður en samningstíma lýkur.

**c) Riftun** – Verði annar hvor aðili samnings þessa uppvís að því að brjóta gróflega eða ítrekað ákvæði samnings þessa eða um er að ræða stórfelldar vanefndir á samningum eða forsendur samningsins breytast verulega, getur hinn aðilinn krafist tafarlausrar riftunar. Tilkynning um riftun skal vera skrifleg og fellur samningurinn úr gildi mánuði eftir að slík krafa hefur borist riftunarþola. Frá og með þeim tíma falla úr gildi allar skyldur og réttindi aðila.

**d) Undirskrift** - Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða frumritum og heldur hvor aðili sínu eintaki og eitt fer til þinglýsingar. Við undirritun og samþykki samningsins fellur úr gildi eldri samningur aðila frá 19. maí 1994.

Selfossi, 26. maí 2010


Ragnheiður Hergert Þórssdóttir, bæjarstjóri  
með fyrirvara um samþykki bæjarráðs  
ÁRBORG

Björgvín Órn Eggerthsson  
Björgvín Órn Eggerthsson, formaður

Vottar að réttri dagsetningu, fjárræði  
og undirskrift :

Mari Þórssdóttir kt. 251070-3185  
hæf.

kt.



VERKFREDRIKSTOPA SUDURLANDS HF.		
STEVNU Í ÞEIRRI ÞEIRRI		
ATLISSA		
SELFOSSBÆR		
SKOGREKTARSVEDI		
NR	DAGS	BRETTING
		AV
		100% <i>FGB</i> <i>Gjarnan</i>
		NR. 22.1.10
		NR. 22.1.10